

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 50/1993, um bókhald og tekjuskráningu virðisaukaskattskyldra aðila, með síðari breytingum.

1. gr.

Á eftir 1. másl. 1. mgr. 4. gr. kemur nýr málslíður svohljóðandi:

Þegar um er að ræða rafrænan söluveikning skal veikningurinn uppfylla ákvæði 2. mgr. 5. gr. reglugerðar nr. 598/1999, um rafrænt bókhald, geymslu rafrænna gagna og lágmarkskröfur til rafrænna bókhaldskerfa.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. mgr. 4. gr.:

- a. Í stað orðsins „söluuppgjörslað“ kemur: söluuppgjörsyfirlit.
- b. Við málsgreinina bætist nýr málslíður er orðist svo: Þegar um er að ræða rafrænan söluveikning skal ákvæði um frumrit, samrit og eintak í réttu röð eða söluuppgjörsyfirlit teljast uppfyllt þegar farið er eftir ákvæðum I. kafla reglugerðar nr. 598/1999.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. og 3. mgr. 5. gr. A:

- a. Í stað orðsins „söluuppgjörslað“ í 1. og 2. másl. 2. mgr.: og 3. mgr. kemur: söluuppgjörsyfirlit.
- b. Í stað orðsins „áritað“ í 2. mgr. kemur: staðfest.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 5. mgr. 8. gr.:

- a. Í stað orðsins „kassakvittun“ kemur: greiðslukvittun sjóðvélar.
- b. Á eftir 4. málslíð kemur nýr málslíður svohljóðandi: Þegar notuð er sjóðvél sem hefur rafræna dagbók í stað innri strimils, sbr. 2. tölul. 1. mgr. 9. gr., er fullnægjandi að seljandi afhendi kaupanda greiðslukvittun sjóðvélar í stað veiknings enda skal greiðslukvittun sjóðvélar að formi og efni fullnægja kröfum 4. og 5. gr.
- c. Í stað fjárhæðarinnar „3000 kr.“ kemur: 6000 kr.

5. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 9. gr.:

- a. Í stað orðsins „kassakvittun viðskiptamanns“ í 1. tölul. 1. mgr. kemur: greiðslukvittun sjóðvélar.
- b. Á eftir orðunum „Innri strimli“ í 2. tölul. 1. mgr. kemur: eða rafrænni dagbók.
- c. Við greinina bætist ný málsgrein sem orðast svo:
Öryggisafrit af rafrænni skráningu dagbókar, sbr. 2. tölul. 1. mgr., skal tekið í lok hvers starfsdags.

6. gr.

Orðin: „eftir skjölum sem flutt eru á milli tölva og“ í 1. mgr. 10. gr. falla brott.

7. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 12. gr.:

- a. Í stað orðanna „útláttarstrimli vélarinnar“ í 1. másl. 1. mgr. kemur: dagsöluyfirliti sjóðvélar.

- b. Í stað orðsins „söluuppgjörslað“ í 1. másl. kemur: söluuppgjörsyfirlit
- c. Í stað orðsins „söluuppgjörslaði“ í 3. másl. kemur: söluuppgjörsyfirliti
- d. Við 1. mgr. bætist nýr málsliður svohljóðandi: Þá skal einnig koma fram á dagsölu-
yfirliti sjóðvélar eða á söluuppgjörsyfirliti:
 1. Dagsetning.
 2. Fjöldi opnana fjárhirslu sjóðvélar án skráningar sölu.
 3. Heildarfjöldi afgreiðslna úr sjóðvél.
 4. Heildarsala samkvæmt hverjum teljara fyrir sig.
 5. Uppsöfnuð fjárhæð sem sýnir heildarsölu þá sem slegin hefur verið inn frá upphafi
(grand total) og stöðu teljarans við hvert söluuppgjör.
- e. Í stað orðsins „árituð“ í 2. mgr. kemur: staðfesta.

8. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 15. gr.:

- a. Í stað orðanna „frumrit gíróseðla og afreikningar“ í 2. másl. 1. mgr. kemur: frumrit
gíróseðla, afreikningar og rafrænir sölureikningar.
- b. Á eftir orðinu „sölureiknings“ í 4. másl. 1. mgr. kemur: fullnægjandi rafrænn sölu-
reikningur.
- c. Við 2. mgr. bætist nýr málsliður svohljóðandi: Þegar um er að ræða rafrænan sölu-
reikning skal ákvæðið um áritað frumrit teljast uppfyllt ef áritað prentað eintak reikningsins
liggur fyrir hjá hverjum aðila kaupanna ásamt greinargerðinni.

9. gr.

Í stað orðsins „söluuppgjörslaði“ í 19. gr. kemur: söluuppgjörsyfirliti.

10. gr.

Á eftir orðunum „frumrit reikningsins“ í 1. mgr. 21. gr. kemur: eða áritað prentað
eintak rafræns sölureiknings.

11. gr.

2. mgr. 23. gr. orðast svo: Tekjur og gjöld skal aðgreina í bókhaldi á aðskilda reikninga
eftir skatthlutföllum.

12. gr.

Við 32. gr. bætist ný málsgrein svohljóðandi:

Öryggisafrit rafræns bókhalds og rafrænna bókhaldsgagna skal taka reglulega sam-
kvæmt viðurkenndum verklagsreglum og í samræmi við umfang viðskiptanna. Verklags-
reglur þessar skulu liggja fyrir í gögnum bókhaldsins og skal staðfest að hægt sé að endur-
byggja gögnin með öryggisafritunum. Skulu öryggisafritin varðveitt í tryggri geymslu á
mismunandi stöðum og vera aðgengileg fyrir opinbert eftirlit þegar þess er krafist. Þá skulu
vera fyrir hendi leiðbeiningar og greinargóð lýsing á því hvernig nálgast megi þau gögn
sem öryggisafritin geyma með rafrænum hætti.

13. gr.

33. gr. fellur brott.

14. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 2. mgr. 21. gr., 23. gr. og 49. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytinu, 6. september 1999.

Geir H. Haarde.

Marianna Jónasdóttir.

REGLUGERÐ**um færslu og geymslu lausblaðabókhalds.***Geymslubindi.*

1. gr.

Þegar bókhaldsbækur eru færðar á varanlegan hátt í skipulögðu og öruggu bóka-, korta-, eða lausblaðakerfi, sbr. 1. mgr. 10. gr. laga nr. 145/1994, um bókhald, skal gögnum og prentuðum listum bókhaldsins, sbr. 2. mgr. 10. gr. laganna, raðað í skipulagða röð og þau innbundin, heft eða á annan hátt lögð í geymslubindi.

Þá er þeim heimilt sem færa bókhald í samræmi við 1. mgr. að gera reikningsyfirlit eða jöfnuð í lok hvers bókhaldstímabils, sbr. 18. gr. laga nr. 145/1994, á laus yfirlitsblöð í stað færslu í innbundna og tölusetta aðalbók. Reikningsyfirlitið skal a.m.k. bera með sér það tímabil, sem það tekur til, og númer og jöfnuð hvers bókhaldsreiknings. Reikningsyfirlitum skal raðað jafnóðum í skipulega röð og þau innbundin, heft eða á annan hátt fest í geymslubindi.

Um fylgiskjöl.

2. gr.

Útgáfa fylgiskjala, þ.m.t. útgáfa tekjuskráningargagna, bókhaldsskyldra aðila sem ekki eru með virðisaukaskattskylda starfsemi skal hagað samkvæmt ákvæðum reglugerðar um bókhald og tekjuskráningu virðisaukaskattskyldra aðila sem gefin er út skv. lögum nr. 50/1988, eftir því sem við á.

Um geymslu gagna.

3. gr.

Þegar bókhaldsskyldur aðili flytur bókhald og/eða fylgiskjöl bókhaldsins á örfilmur, skannar bókhald og/eða fylgiskjöl þess á geisladisk eða á annan sambærilegan búnað, sem ekki er unnt að vinna með í gagnavinnsluferfi skal samanlagður geymslutími frumgagna og hins nýja geymslumiðils eigi vera skemmri en 7 ár frá lokum þess reikningsárs er gögnin tilheyra. Eigi má farga frumgögnum sem flutt hafa verið á geymslumiðil fyrir en einu ári eftir lok viðkomandi reikningsárs, enda liggi þá fyrir fullfrágengið bókhald og undirritaður ársreikningur.

Tryggt skal að allar upplýsingar sem fram koma í gögnum þeim sem flutt eru á geymslumiðilinn komi þar fram og upplýsingarnar séu óumbreytanlegar. Strax skal kannað hvort geymslumiðillinn sé læsilegur, réttur og ógallaður. Ef sú er ekki raunin, skulu frumgögn geymd á venjulegan hátt þar til fullnægjandi geymslukröfum er náð.

Aðferðir við flutning gagna og geymslu miðilsins skulu fyrirfram skipulagðar og fyrir skal liggja skrifleg lýsing á þeim. Skulu koma fram upplýsingar um hvar og hvenær flutn-